



Móðurást - Selma frá Sauðárkróki og folaldið Sólkatla frá Hamarsey, faðir er Hróður frá Refsstöðum.

Ljósmyndir lækna

Hannes Sigurjónsson

hannes@landspitali.is

Hannes Sigurjónsson er deildarlæknir á skurðlækningasviði Landspítalans og hefur tekið myndir af hestum frá árinu 2003. Hannes rekur hrossaræktarbúið Hamarsey ásamt konu sinni og norskum kollega. Skoða má fleiri myndir á

heimasíðunni www.hamarsey.is Hamarsey er nýbýli í Flóahreppi og hrossaræktarbúi, um 15 km sunnan við Selfoss.

Tæknilegar upplýsingar: Canon EOS 20D, linsa SIGMA 18-200 mm f 3,5-6,3 DC OS HSM.



Hákon þriggja daga gamall, undan Álfi frá Selfossi og Hátíð frá Úlfsstöðum. Myndin er tekin 1. júní 2007 á Ragnheiðarstöðum í Flóahreppi. Hákon er nú þriggja vetra stóðhestur, einn vinsælasti ungfóli landsins, og sinnir yfir 40 hryssum sumarið 2010.